



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

49. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í kennarastofunni þriðju-
daginn 3. júní 1980, og hófst hann kl. 17⁰⁰.

Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Ingólfur Halldórsson,
aðstoðarskólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Eggert
Ólafsson, Jón Hólmgeirsson, Ómar Bjarnþórsson, Þórður Gíslason, sveitar-
stjóri (fyrir Gerðahrepp), Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara og
Valtýr Guðjónsson, ritari skólanefndar. Auk þess voru iðnmeistararnir
Hreinn Óskarsson og Ólafur Erlingsson við afgreiðslu 8. máls, a-liðar.

Þetta gerðist:

I. Skólameistari gaf skýrslu um skólaslit á vorönn 1980:

"Fjórða starfsári FS lauk með skólaslitum í Ytri-Njarðvírkirkju
laugardaginn 24. maí. Steinþór Júlíusson, bæjarstjóri í Keflavík, flutti
ávarp af hálfu SSS. Tónlistaratriði að þessu sinni var samleikur á fiðlur.
Flytjendur voru nemendur skólans, Kjartan Már Kjartansson og Unnur Páls-
dóttir, nýstúdent.

Skólameistari flutti yfirlit um starfseminu á skólaárinu 1979-1980.

Nemendur voru 505 á haustönn, en 486 á vorönn. Auk þess stunduðu 152 nám
í Öldungadeild. Kennarar voru 42. - 50 nemendur luku námi í maímánuði:
5 vélstjórar (1 1.stigs-prófi, en 4 2. stigs-prófi), 3 nemar af verslunar-
og skrifstofubraut, 17 iðnnemar, tæknibrautarnemi, flugnemi og 23 stúdentar.
Ingólfur Halldórsson ávarpaði Óskar Jónsson sem nú lætur af föstu starfi
vegna aldurs og færði honum gjöf frá Kennarafélagi skólans. Ásgeir Mar-
geirsson, nýstúdent, flutti ávarp af hálfu nema. Loks ávarpaði skóla-
meistari nemendur og sleit skólanum.

II. Formaður skólanefndar upplýsti að íþróttahús bæjarins verði senn
fullbúið til notkunar. Var skólameistara falið að semja við eignar-
aðila um afnot af húsinu fyrir nemendur fjölbrautaskólans sem svaraði a.m.k.
tveggja vikustunda kennslu á hvern nemanda.

III. Samþykkt var að auglýsa kennarastöður í íslensku, dönsku, sálarfræði, sagnfræði, stærðfræði, íþróttum og fleiri greinum ef þörf verður á. Umsóknarfrestur verði eins skammur og heimilt er.

IV. Valtýr Guðjónsson lagði fram reikninga skólans fyrir árið 1979.

Rekstrar- og efnahagsreikningur sýnir að rekstrarkostnaður var alls kr. 329.712.890,- þar af eru laun og launatengd gjöld vegna kennslu- greidd úr ríkissjóði- kr. 243.186.627,-. Önnur gjöld sem koma í hlut ríkissjóðs að hálfu, en að hálfu greiðast af sveitarfélögunum á Suðurnesjum námu kr. 86.526.263,-. Endurskoðuð áætlun um þennan lið fyrir árið 1979 var kr. 86.821.000,-. Efnahagsreikningur fyrir nýbyggingu og stofnkostnað á árinu nam kr. 40.140.965,-. Ríkissjóður greiðir 60% þess kostnaðar en sveitarfélögin 40%. Reikningarnir voru samþykktir, en sjálfsagt var talið að þeir yrðu endurskoðaðir af fulltrúum SSS. Ítrekuð var ósk um að SSS kjósi endurskoðendur reikninga skólans.

V. Lögð var fram áætlun um "önnur rekstrargjöld" fyrir árið 1981. Áætlunin er að upphæð kr. 214.100.000,- tvöhundruð og fjórtán milljónir og eitt hundruð þúsund krónur. Áætlun fyrir árið 1980 var kr. 125.304.000. Hækkun er því kr. 88.796.000. Af þessari hækkun er nýr liður- húsaleiga vegna leikfimis- kennslu- kr. 22.000.000 og áætlaður fjármagnskostnaður vegna hugsanlegra húsaþinga er 10.000.000 (vextir). Raunveruleg hækkun milli árana 1980 og 1981 er því innan við 50%. Áætlunin var samþykkt. (Sjá Fylgiskjal nr. 1)

VI. Formaður skólanefndar og skólameistari fluttu skýrslu um gang mála varðandi kaup á verknámshúsi. Rætt hefur verið við Einar Gunnarsson um kaup á iðnaðarhúsi hans við Iðavelli. Mismunandi verðhugmyndir hafa fram komið, m.a. viðmiðun við brunabótamat hússins sem er rúmar 130 milljónir, en fasteignamat mun vera rösklega 80 milljónir. Hagsýslustjóri hefur lagt til að boðnar verði 110 milljónir króna sem greiðist á einu ári- án vaxta. Samþykkt var að senda Einari það tilboð og gefa honum þriggja daga frest til þess að svara.

VII. Á fyrri skólanefndarfundum hefur verið fjallað um innréttingarbreytingar á neðstu hæð skólahússins. Fyrir liggja teikningar á ráðgerðum breytingum á mótuneyti nemenda, bókasafni, skrifstofu o.fl. og teikning af eðlisfræðistofu. Nefndin samþykkti að hefja framkvæmdir við eðlisfræðistofu nú þegar og fól aðstoðarskólameistara að hafa umsjón með verkinu. - Skólameistara var falið að gera áætlun um fjárfestingar á árinu 1981.

VIII. ÖNNUR MÁL

a) Meistaraskóli.

Formaður bauð velkomna á fundinn Hrein Óskarsson og Ólaf Erlingsson, fulltrúa Meistarasambands iðnaðarmanna á Suðurnesjum. Aðstoðarskólameistari gerði síðan grein fyrir þeim hugmyndum um meistaraskóla fyrir iðnaðarmenn á Suðurnesjum sem víða hafa verið til umræðu að undanfögnu, m.a. í skólanefndinni. Taldi hann brýna þörf á að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Allir reyndust hlyntir málinu, en miklar umræður urðu um ýmis fyrirkomulagsatriði. Skólanefndin samþykkti að leita heimildar Iðnfræðsluráðs til þess að stofna til þessa náms við Fjölbrautaskóla Suðurnesja á hausti komanda. Aðstoðarskólameistara var falin framkvæmd málsins og jafnframt athugun á því á hvern hátt starfsemi þessi verði fjármögnuð. Sturlaugur Ólafsson lagði fram tillögu um námsefni og kennslutilhögun fyrir meistarabraut húsasmiða og múrsmiða. (Sjá fylgiskjal nr. 2)

b) Skólameistari ræddi um 100 ára afmæli Menntaskólans á Akureyri sem minnst verður dagana 16. og 17. júní næstkomandi. Var honum falið að vera við hátíðahöldin fyrir hönd skólans, flytja þar kveðjur og heillaóskir og færa stofnuninni gjöf við hæfi frá skólanum.

c) Skólameistara var falið að semja við Vigdís Gunnarsdóttur um kaup fyrir aukastörf á skrifstofu sem hún hefur hingað til framkvæmt án umsaminnar greiðslu.

d) Rætt var um bókasafn skólans og tilhögun bókavörslu. Skólameistari taldi nauðsynlegt að breyta starfssviði bókavarðar. Samþykkt var að segja upp samningi við Þórunni Magnúsdóttur um bókavarðarstarfið.

e) Skólameistari skýrði frá fundi sem hann og formaður skólanefndar áttu með stjórn Sjúkrahúss Keflavíkur læknishéraðs miðvikudaginn 28. maí s.l. Var þar rætt um nám á heilsugæslubraut við skólann. Skólameistari las og skýrði eftirfarandi kafla úr fundargerð sjúkrahússtjórnarinnar:

"Jón Böðvarsson skólastjóri hóf umræður og gat um aðdraganda stofnunar heilsugæslubrautar og fyrirhugaðar viðræður skólamanna við heilbrigðisráðherra og að sjúkrahúsið í Keflavík verði nýtt fyrir verklegt nám fyrir sjúkraliða. Forstöðumaður sjúkrahúss taldi eðlilegt og sjálfsagt að sjúkraliðar frá Fjölbraut fengju starfsnám á sjúkrahúsinu, þ.e. sex vikna nám, en nauðsynlegt sé að fylla þessar stöður allan ársins hring. Hann upplýsti að nemar frá Sjúkraliðaskólanum hafi fengið starfspjálfun á sjúkrahúsinu. Stjórn sjúkrahússins lýsti yfir því að sjúkrahúsið er tilbúið að taka við

nemum frá Fjölbraut til sex vikna starfspjálfunar á ári að því tilskildu að mögulegt sé að tryggja að takist skólanum ekki að fylla í stöðurnar allt árið fáist nemar annars staðar frá. Þörf er á allt að 16 nemum svo að stöðurnar séu fylltar allt árið. Sjúkrahúsið mun á allan hátt aðstoða við að fylla í stöðurnar til að tryggja nemum frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja starfspjálfun í heimabyggð."

Fundargerð þessi er undirrituð af Svavari Árnasyni, Albert K Sanders, Ólafi Sigurðssyni, Jóhanni G Jónssyni, Guðrúnu Guðbjartsdóttur, Steinþóri Júlíussyni, Arnheiði Ingólfisdóttur, Eyjólfvi Eysteinsyni og Kristjáni Sigurðssyni.

Skólameistari skýrði frá því að hann hafi ásamt dr. Ingimari Jónssyni og Jóni Fr Hjartarsyni, skólameistara á Sauðárkróki, gengið á fund Svavars Gestssonar, heilbrigðismálaráðherra þar sem til umræðu voru tillögur og greinargerð sem fylgja fundargerð þessari. (Fylgiskjöl 3 og 4)

Fleiri mál voru ekki til umræðu og var því fundi slitið.

Valtýr Guðjónsson og Jón Böðvarsson sömdu fundargerðina.



Fylgihand 1.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja**Keflavík - Njarðvík**
Pósthólf 100 Sími 92-8100ÖNNUR REKSTRARGJÖLD - tilfaga skólanefndar F.S.

Í þús.kr:	kostn.	áætlun	áætlun
	1979:	1980:	1981:
Bækur, ritf. pappír	1.827	8.700	9.500
Vinnul. skrifst.	7.780	7.500	12.000
Skólabókasafn	1.450	3.000	5.000
Matvæli, vinnuf.	178	500	800
Ljós, hiti	5.242	7.400	10.000
Skólasetn., skólasl.	o	240	500
Ræsting (gagnfr.)	o	4.000	8.000
Ræstiefni	601	700	1.200
Laun húsv.&ræst.	12.660	18.444	28.800
Gluggaþv.ofl.hreing.	200	1.600	2.400
Póstur & sími	4.524	2.400	5.000
Augl.	530	800	1.500
Ferðak.& bílast.	2.686	1.800	3.000
Skólaakstur	12.631	13.320	30.000
Heilsugæsla	o	500	500
Húsaleigunx	10.890	12.000	5.000
Tækjaleigur	o	2.200	21.000
Tryggingar	308	1.100	1.800
Viðh. tækja	1.059	2.400	3.600
" húsbún.	129	2.600	4.000
" húss & lóðar	84	3.000	4.800
Súndkennsla	o	500	600
Húsal.leikf.	o	6.000	22.000
Skólanefnd	750	1.100	1.600
Fjármagnskostn.	8.879	3.600	18.000
Ímislegt	479	400	1.600
Efnisk.& teki	5.882	4.100	8.200
Launat.gjöld	2.355	3.600	5.400
Reikningsl.aðst.	1.474	2.000	3.000
Önnur laun	3.120	4.000	7.400
Námskeið, fundir	234	1.600	2.400
Náttúrufr.ferðir	215	1.000	1.500
Prentun ofl.	359	3.200	4.000
	<u>86.526</u>	<u>125.304</u>	<u>214.100</u>

Fylgiskjal 2

MEISTARABRAUT.

Húsasmiða og múrsmiða (tillaga)

BÓK-1024	Bókfærsla
BYB-1024	Byggingarsambykkt
BYG-1024	Byggingartækni
BYV-1012	Byggingarvísitala
BUV-1012	Burðarvirki
EIH-1011	Einingahús
ENS-1012	Enska
FYL-1012	Fyrirlestrar
FYL-2012	Fyrirlestrar
IÐL-1012	Iðnlöggjöf
ISL-1012	Íslenska
KOÁ-1024	Kostnaðaráætlun
LÁN-1012	Lánsfjármögnun
MÆB-1012	Mælingar (bóklegt)
MÆV-1012	Mælingar (verklegt)
REB-1024	Rekstrarbókhald
STÆ-1012	Stærðfræði
STS-1024	Steinsteypa
VOV-1024	Vélar og vinnuskilyrði
VEÁ-1024	Verkáætlun
VSA-1012	Vinnusálfræði
VÆF-1025	Verklegar æfingar á vegum R.B.
TRF-1011	Tryggingarfræði (fyrirlestrar ca. 8 st.)
VSF-1011	Verkstjórnarfræði -"- -"-

Einingafjöldi samtals. 33

Kenslustundafjöldi 64 + 16 st. fyrirlestrar

Námstími er frá byrjun sept til 15 des. og skiptist í tveir annir.

Próf verða væntanlega frá 16 til 20 des.

Til að standast próf í hverri grein þarf minnst 4.0 í einkunn og 6.0 aðaleinkunn.

Sæki nemandi minna en 75% kennslustunda í einhverri grein, þá hækkar lágmarkseinkunn í viðkomandi grein upp í 6.0.

Fylgiskjal 3

Hr. heilbrigðismálaráðherra
Svavar Gestsson

Við undirritaðir leggjum fyrir yður eftirfarandi
tillögur:

1. Heilbrigðismálaráðuneytið heimilar að eftirtaldir skólar fái að starfrækja heilsugæslubrautir, bóklegt nám sjúkraliða og aðfaranám að hjúkrunarskólum.
Fjölbrautaskólarnir á Akranesi, Sauðárkróki og Suðurnesjum.
2. Heilbrigðismálaráðuneytið felur formlega sjúkrahúsum á ofangreindum stöðum að sjá um verklega kennslu fyrir sjúkraliða í þeim mæli sem viðráðanlegt er í tengslum við skólana.
3. Jafnframt gengst ráðuneytið fyrir því að Sjúkraliðaskóla Íslands verði falið að annast hinn verklega þátt menntunar sjúkraliða að hluta eða að öllu leyti. Hann skipuleggi kennslu í verklegu námi þar sem unnt er að koma því við í skólunum. Hann hafi yfirumsjón með þeim kennslustöðum sem til eru á landinu og úthluti til nemenda skólanna.
4. Heilbrigðismálaráðuneytið setji í reglugerð að menntun sjúkraliða skiptist í fjögurra anna bóklegt nám og 33ja vikna verklegt nám sem fari fram í sjúkrahúsum eða í Sjúkraliðaskóla Íslands.

Bóklegt nám sjúkraliða taki til:

- 4 námseiningar í dönsku
- 4 námseiningar í ensku
- 6 námseiningar í efnafræði
- 7 námseiningar í samfélagsgreinum og heilbrigðisgreinum
- 6 námseiningar í hjúkrunargreinum (bóklegt nám og verklegt)
- 6 námseiningar í íslensku
- 6 námseiningar í sálar og uppeldisfræðum
- 4 námseiningar í stærðfræði
- 6 námseiningar í líffræði

Verklegt nám sjúkraliða skiptist í 3 þætti:

- a) 11 námsvikur á lyflæknisdeild
- b) 11 námsvikur á handlæknisdeild
- c) 11 námsvikur á ellideild eða ódeildaskiptu sjúkrahúsi.

- 5. Aðfaranám að hjúkrunarskólum samsvari bóklega hluta sjúkraliðanáms.
- 6. Kennsluréttindi hafi hjúkrunarfræðingar með þriggja til fjögurra ára starfsreynslu eða B.S. próf frá H.Í. til að kenna bóklega og verklega þáttinn sem fram fer í skólunum í hjúkrunargreinum. Líffræðingur hafi rétt til að kennalíffræði.

Reykjavík 3.06.80.

Jón Þatason
Jón Þórhann

Fylgiskjal 4

Í maímánuði 1978 skipaði menntamálaráðuneytið starfshóp til þess að fjalla um tengsl heilsugæslunáms í framhaldsdeildum og fjölbrautaskólum annars vegar og nám í Hjúkrunarskóla Íslands hins vegar. Þar áttu sæti dr. Ingimar Jónsson, formaður og fjórir hjúkrunarfræðingar: Elín Eggerz-Stefánsson, Kristbjörg Þórðardóttir, María Finnsdóttir og Sigurhelga Pálsdóttir. Jón Fr. Hjartarson, nú skólameistari á Sauðárkróki, varð óbeinn aðili að hópnum og vann með honum allan tímann.

Ekki hefur til þessa þótt hæfa að menn séu dómárar í eigin sök(um)-, og því hlýtur að teljast óeðlilegt að fleiri en einn hjúkrunarfræðingur sitji í starfshópi sem fjallar um nám þeirrar stéttar. Tilnefningu í starfshópinn mætti skilja hefðu hjúkrunarfræðingarnir verið málsvarar mismunandi viðhorfa innan stéttarinnar, en svo var ekki. Þar var t.d. enginn málsvari hjúkrunarbrautar Háskóla Íslands. Í starfshópnum var heldur enginn frá starfsstéttum sem með hjúkrunarfræðingum vinna á sjúkrahúsum svo sem læknum eða sjúkraliðum.

Athyglisvert er að hjúkrunarfræðingarnir störfuðu ekki sem leitandi einstaklingar í hópnum heldur sem fulltrúar Hjúkrunarfélags Íslands. Þeir lýstu sig bundna af samþykktum þess félags og töldu hlutverk sitt þar að renna stoðum undir og vinna að framgangi stefnumiða HÍ í menntunarmálum, - en ekki að leggja málefnalegt mat á viðhorf og röksemdir annarra aðila. Í stað málefnalegra raka hömruðu þeir á að hjúkrunarfræðingar eigi að vera ráðandi aðilar um nám og starfssvið þeirra sem þann vettvang kjósa sér í framtíðinni.

Viðhorf ráðandi afla í HÍ njóta ekki stuðnings þeirra aðila sem besta aðstöðu hafa til þess að meta hvaða námskröfur eru raunhæfar í hjúkrunarnámi. Hvorki lækna- sem dómberastir eru sérgreinar námsins- né skólameistarar sem best heildaryfirlit hafa um hvaða námsgreinar geta talist hagnýtur undirbúningur að einstökum starfsgreinum fallast á niðurstöður greinargerðar um menntunarmál sem birt er í HJÚKRUN - tímariti Hjúkrunarfélags Íslands, 1. tölublaði 1978, 12. og 17. bls.

Starfshópurinn leystist upp vegna þess að hjúkrunarfræðingarnir vildu ekki fjalla um það verkefni sem hópnum var falið að vinna. Síðan hefur ekkert raunhæft gerst á þessum vettvangi, en forráðamenn hjúkrunarfræðinga hamra sífellt á kröfunni um að færa hjúkrunarnám allt á háskólastig -án viðhlítandi rökstuðnings.

Mikil þörf er á að skipa annan starfshóp til þess að vinna þetta verkefni. Æskilegt væri að þar ættu sæti lækna, skólameistari, formaður fyrra starfshóps, hjúkrunarfræðingur (óbundinn af samþykktum stéttarfélagsins) og ráðuneytisstarfsmaður. Brýn þörf er á að starfshópurinn vinni verk sitt á stuttum tíma vegna þess að síðsumars þurfa flestir áfangaskólar að prenta námsvísa fyrir næsta skólaár. Einng er nauðsynlegt að staða hjúkrunarnáms í menntakerfinu verði skilgreind sem best áður en framhaldsskólafrumvarpið verður lagt fram á næsta þingi.

Jón Jónsson